

AUGLÝSING

um deiliskipulag suðurhluta hafnarsvæðis á Húsavík.

Húsavíkurbær hefur samþykkt deiliskipulag fyrir suðurhafnarsvæði á Húsavík. Deiliskipulagið tekur til svæðis sem takmarkast af svonefndum suðurgarði að norðan, sjávarbakka (Stangarbakka) að austan og sjó að sunnan og vestan. Svæðið er allt á uppfyllingum. Það er um 95.000 m² að stærð, en samanlögð stærð lóða er 56.600 m², þar af eru þrjár lóðir þegar byggðar. Tillagan og uppdráttur voru til kynningar á bæjarskrifstofu Húsavíkur frá 2. desember 1998 til 4. janúar 1999. Frestur til að gera athugasemdir var til 18. janúar 1999. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 23. janúar 2002.

Gaukur Hjartarson, byggingarfulltrúi Þingeyinga.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu heiti Eyrarsveitar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur í dag, að tillögu sveitarstjórnar Eyrarsveitar, staðfest breytt stjórn-sýsluheiti fyrir sveitarfélagið Eyrarsveit. Nýtt heiti skal vera Grundarfjarðarbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. janúar 2002.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Gaulverjabæjarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Gaulverjabæjarhrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórn-arlaga nr. 45/1998.